

Mál nr. 199/2001

M og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þann 28.11. 2000.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16.10. 2001.
2. Bréf lögmanns tjónþola til Tjónanefndar, dags. 09.07. 2001.
3. Tölvupóstur til vátryggingafélagsins frá lögmanni tjónþola, dags. 16.09. 2001 og 06.04. 2001.
4. Tölvupóstur vátryggingafélagsins til lögmanns tjónþola, dags. 05.10. 2001 og 14.06. 2001.
5. Bréf vátryggingafélagsins til Tjónanefndar, dags. 13.04. 2001.
6. Bréf vátryggingafélagsins til lögmanns tjónþola, dags. 19.03. 2001.
7. Yfirlýsing vinnufélaga tjónþola, dags. 08.03. 2001.
8. Svarbréf vinnuveitanda tjónþola, dags. 08.03. 2001.
9. Afrit vinnuseðla.
10. Bréf til vinnuveitanda tjónþola, dags. 27.02. 2001.
11. Tilkynning til Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 26.06. 2000.
12. Tjónstilkynning móttekin 22.12. 2000.
13. Tölvupóstur.
14. Bréf vátryggingafélagsins til úrskurðarnefndar, dags. 03.11. 2001 þar sem hjálagt fylgdi afrit af tölvupósti til lögmanns tjónþola, dags. 27.09. 2001, símbréf lögmannsins til félagsins, dags. 03.09. 2001, bréf lögmannsins til Tjónanefndar, dags. 09.07. 2001 og bréf félagsins til Tjónanefndar, dags. 23.04. 2001.
15. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 820/2001.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þá umfjöllun er óþarft að geta í þessari samantekt. Ágreiningur aðila er um hvort bótaskylda sé fyrir hendi.

Tjónþoli varð fyrir slysi við störf sín hjá vátryggingartaka í iðnaðarhúsnæði, sem áður var notað sem fódurgeymsla. Hafði vátryggingartaki skömmu áður keypt húsnæðið og stóð til að breyta því og taka undir starfsemi hans. Var tjónþola m.a. falið að hlaða hleðslusteinum upp í op milli rýma í húsnæðinu. Hann tók gamla vinnutröppu sem þarna var, til þess að ljúka verkinu og reisti hana upp. Kveður hann að trappan hafi gefið sig og fallið á hliðina, með þeim afleiðingum að hann missti jafnvægið og féll úr þriðju tröppu á gólfið og slasast í baki.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur ósannað að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi samstarfsmanna tjónþola, ófullnægjandi aðbúnaðar á vinnustað eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á að lögum. Telur félagið að um óhappatilvik hafi verið að ræða eða aðgæsluleysi tjónþola. Félagið vísar m.a. til þess að tjónþoli er faglærður múrari og “þaulvanur starfsmaður með 25 ára starfsreynslu.”

Tjónþoli telur að bótaábyrgð sé fyrir hendi. Umrædd trappa hafi verið eina trappan á staðnum. Honum hafi verið falið umrætt verk og hann notaði þau verkfæri sem voru á staðnum. Hann telur að vinnuveitandinn (vátryggingartakinn) sé skaðabótaskyldur gagnvart starfsmönnum sínum vegna ófullnægjandi aðbúnaðar og vanbúinna áhalda sem þeim eru látin í té til notkunar við vinnu. Vísað er til umfjöllunar lögmanns tjónþola. Þá umfjöllun er óþarft að geta.

Álit.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum eru meiðsl tjónþola ekki bótaskyld úr þeirri váttryggingu sem hér um ræðir. Ósannað er að tjónið verði rakið til saknæmrar hegðunar starfsmanna váttryggingartaka eða annarra atvika eða aðstæðna sem váttryggingartaki ber ábyrgð á. Meiðsl tjónþola verða rakin til óhappatilviks og aðgæsluleysis tjónþola sjálfs.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. nóvember 2001

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.